

Leikskólinn Teigasel



Deildarnámskrá

Miðteigur 2017-2018

Á Miðteig viljum við:

- efla alhliða þroska barnsins
- efla sjálfshjálpi barnsins og sjálfsmýnd
- að barnið fái útrás fyrir sköpunar- og leikgleði sína
- styrkja áhugahvöt barnsins og efla það til sjálfsnáms
- að barnið læri að tjá tilfinningar sínar og sýna öðrum tillitsemi
- efla getu barna til að mynda góð tengsl við börn og fullorðna

Efnisyfirlit

Miðteigur skólaárið 2017 - 2018.....	3
Hópastarf.....	4
Málörvun.....	5
Stærðfræði.....	5
Myndlist.....	5
Samþætt og skapandi leikskólastarf.....	6
Læsi og samskipti.....	6
Heilbrigði og vellíðan.....	7
Sjálfbærni og vísindi.....	7
Sköpun og menning.....	8
Daglegt líf í leikskóla.....	9
Leikurinn.....	9
Upphaf og lok dags.....	9
Fataherbergi.....	9
Matartímar.....	10
Hreinlæti.....	10
Samverustundir.....	10
Umgengni.....	10
Útivera.....	11
Hreyfing.....	11
Annað starf á Miðteig.....	11
TMT.....	11
Lífsleikni.....	11
Útikennsla.....	12
Árvissir viðburðir.....	12
Árgangahittingur.....	12
Vökudagar.....	12
Hagnýtar upplýsingar.....	13
Forföll nemenda.....	13
Sérfæði í leikskólum.....	13
Lyfjagjafir í leikskólum.....	13
Afmælis dagar nemenda.....	13
Fataherbergi og fatnaður.....	14
Foreldrasamstarf.....	14

Miðteigur skólaárið 2017 - 2018

Á Miðteigi dvelja þetta skólaárið 24 börn á aldrinum 3 – 4 ára. Við leggjum áherslu á góða líðan barna og góð og jákvæð samskipti við börn og foreldra. Við skipuleggjum starfið í byrjun vetrar og aðlögum starfið þeim barnahóp sem er á deildinni hverju sinni.

Starfsfólk skólaárið 2017 – 2018

- **Árný** deildarstjóri 7⁴⁵-15⁴⁵
- **Alda Björk** leikskólaleiðbeinandi 8³⁰-15³⁰
- **Porbjörg María** leiðbeinandi 8⁰⁰-16⁰⁰/9⁰⁰-16⁰⁰
- **Sædis Eir** leiðbeinandi 8⁰⁰-16⁰⁰/8⁰⁰-16⁰⁰
- **Valgerður** afleysing v/ veikinda

Upplýsingar:

Teigasel **433-1280**

Miðteigur **433-1286**

Heimasíða: www.teigasel.is

Netfang deildarstjóra:

thordis.arnoldsdottir@teigasel.is

Dagskipulagið á Miðteig

7:30	Leikskólinn opnar á Teigakoti
7:45	Miðteigur opnar
8:00 - 8:55	Morgunmatur / leikur
9:00 - 9:10	Samvera - farið yfir daginn / söngur
9:10 - 10:00	Hópastarf
10:00 - 11:00	Þrautalausnir / leikur / útivera
11:00-11:20	Samvera – lífsleikni / málörvun / lestur / söngur
11:30 - 12:10	Hádegismatur
12:10 - 14:15	Leikur / útivera
14:30 - 15:00	Hressing / leikur
15:00 - 16:15	Leikur
16:15 - 17:00	Sameining á Teigakoti / Leikur / Ávextir

Hópastarf

Hópastarf er fjóra daga í viku og eru 6-7 börn saman í hóp sem vinna ákveðin verkefni með kennara. Í þessum stundum förum við í málörvun, talnaskilning, myndlist og hreyfingu. Við vinnum eftir námsáætlun sem unnin er samkvæmt aðalnámskrá leikskóla þar sem námssviðin fléttast saman og höfum við gleði og leik í fyrirrúmi.

Hópur 1 Heiður Dís - 22.02. 2013 Urður Freyja - 27.03. 2013 Móheiður Líf - 03.06. 2013 Sóley Björt - 13.06. 2013 Fanneý Alda - 15.11. 2013 Eyþór Úlfur - 22.12.2013	Hópur 2 Aníta Dís - 21.01. 2014 Hugrún Björk - 04.02. 2014 Írena Mjöll - 11.02. 2014 Zofía Helena - 20.02. 2014 Styrmir Ari - 14.03. 2014 Guðmundur R. - 17.05. 2014 Ólavía - 12.03. 2014
Hópur 3 Agnes Anna - 04.01. 2014 Una - 09.04. 2014 Orri Freyr - 15.04.2014 Trausti Þór - 16.05. 2014 Þorsteinn Þór- 22.05. 2014 Erla Rós - 29.05. 2014	Hópur 4 Heiðmar - 30.05. 2014 Sigvaldi Berg - 30.05.2014 Steinunn Birna - 03.06. 2014 Björn Fannar - 17.06. 2014 Carmen Ýr - 27.06. 2014 Aríela - 06.09. 2014 Kristrún Huld - 22.12.2014

Málörvun

Við leggjum mikla áherslu á málrækt og fléttum hana inn í leik og annað daglegt starf. Á Miðteig er m.a. unnið með námsefnið Lubba og Markviss málörvun, sem felur í sér kerfisbundin vinnubrögð í leik og miðar að því að tengja talmál og ritmál. Leikið er með hlustun, rím, samstöfur, setningar og orð til að efla hljóðkerfisvitund barnanna og búa þau þannig undir lestrarnám.

Í málörvun fá börnin tækifæri til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir í smærri hópum. Við þjálfum málskilning, málnotkun, orðaforða og hugtakaskilning barnanna.

Stærðfræði

Stærðfræði er undirliggjandi í öllu daglegu starfi deildarinnar. Í hópatímum vinnum við markvisst með talnaskilning.

Í talnaskilningi vinnum við með skilning nemenda á tölum, magni og formum. Við leggjum áherslu á að börnin læri og þekki talnarununa, tölustafina og skilji magnið á bak við tölurnar. Við gerum kannanir, teljum, vinnum með formin og eiginleika þeirra.

Í vinnu okkar með þrautalausnir er markvisst lögð áhersla á að efla skilning nemenda á samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu. Þrautalausnir fela í sér að barni er sögð saga eða gáta sem þarf að leysa. Efni sögunnar miðast við getu hvers barns.

Myndlist

Myndlist er mikilvægur tjáningarmiðill og hafa börn mikla þörf fyrir að tjá sig í gegnum myndmál, hvert á sínum forsendum. Með myndlist er átt við að börnin máli, teikni eða móti myndverk eftir eigin hugmyndaflugi á sinn hátt. Reynsla og tilfinningar barna endurspeglast oft í myndverkum þeirra. Börnin fá útrás fyrir sköpunar- og rannsóknarþörf sína, þau þjálfra samhæfingu handa og augna sem og fín- og grófhreyfingar.

Sambætt og skapandi leikskólastarf

Sambætt og skapandi leikskólastarf er grunnur að þeirri hugmyndafræði sem unnið er með á deildinni. Unnið er eftir Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 og þar er námi barna skipt upp í fjögur námssvið: *Læsi og samskipti*, *heilbrigði og vellíðan*, *sjálfbærni og vísindi* og *sköpun og menning*. Námsþáttunum eru gerð ítarlegri skil í skólanámskránni okkar sem finna má á heimasíðu Teigasels.

Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur og nota ýmsar aðferðir til að tjá sig í samskiptum við aðra. Læsi er mikilvægur þáttur samskipta og felur í sér að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja og túlka. Barn þarf að búa yfir hæfni til að tjá hugsanir sínar og skoðanir, tilfinningar og langanir og þannig taka þátt í að móta umhverfi sitt.

Markmið	Leiðir
<ul style="list-style-type: none">• Að barnið þekki tilfinningar sínar, langanir og þarfir.• Að barnið læri að tjá sig og geti sett sig í spor annarra.• Að barnið beri virðingu fyrir ólíkri menningu og skoðunum.• Efla markvisst málskilning, málnotkun, orðaforða og hugtakaskilning barnsins.• Að barnið beri virðingu fyrir náttúrunni, lífríki hennar og hlutum í umhverfi sínu.• Að barnið kynnist margvíslegum leiðum til upplýsingaöflunar.	<ul style="list-style-type: none">• Frjáls leikur• Útivera• Hópastarf• Samverur• Lífsleikni• Tákn með tali• Myndrænt skipulag• Ýmsir upplýsingamiðlar

Heilbrigði og vellíðan

Velferð barna skiptir miklu máli og að þau finni umhyggju, hlýju og njóti virðingar. Góð líðan er forsenda þess að barn vaxi, dafni og þroskist á eðlilegan hátt í leik og starfi.

Meirihluti barna eyðir stórum hluta dagsins í leikskóla. Mikilvægt er að stuðla að heilbrigði og vellíðan þeirra á meðan þau dvelja þar.

Markmið	Leiðir
<ul style="list-style-type: none">• Að barnið fái tækifæri til að efla gróf- og fínhyringar.• Að barnið fái útrás fyrir hreyfipörf sína, auki þol, einbeitingu og styrk.• Að jafnvægi sé milli hreyfingar og hvíldar / slökunar.• Að barnið fái hollan og góðan mat.• Að barnið læri að sinna persónulegri umhirðu og hreinlæti.• Að barnið fái notið jákvæðra samskipta við börn og fullorðna.	<ul style="list-style-type: none">• Frjáls leikur• Skipulagðar hreyfistundir• Útivera• Æfum góðar hreinlætisvenjur• Lífsleikni• Samverur og næðisstundir• Matmálstímar

Sjálfbærni og vísindi

Börnum er það eðlislægt að kanna nánasta umhverfi sitt. Þau gera það með því að snerta, horfa, hlusta, bera saman, flokka, rannsaka, og upplifa. Mikilvægt er að kenna þeim að bera virðingu fyrir náttúrunni og ganga vel um hana. Með vísindanámi aðstoðum við börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkjum skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.

Markmið	Leiðir
<ul style="list-style-type: none">• Að barnið kynnist umhverfi sínu og beri virðingu fyrir því.• Að barnið læri um liti, form, flokkun, talningu o.s.frv.• Að barnið læri heiti árstíðanna og sérkenni þeirra.• Að barnið læri að klæða sig eftir veðri.• Að ýta undir vísindalega hugsun og rannsóknir barnanna.	<ul style="list-style-type: none">• Útivera• Rannsóknir og skráningar• Endurvinnsla• Hópastarf• Útikennsla, vettvangsferðir

Sköpun og menning

Við leggjum áherslu á að sköpunargleði barna fái að njóta sín í öllu daglegu starfi. Hlutverk kennarans er að finna leiðir til að hvetja börnin til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða. Efniviður er hafður aðgengilegur og þannig geta þau skapað að eigin vild. Með frjálssræði ná börnin að þroska hæfileika sína og hugmyndaflug.

Í Teigaseli hafa skapast hefðir sem eru orðnar hluti af menningu okkar og hafa mótast af börnum og starfsfólki leikskólans.

Markmið	Leiðir
<ul style="list-style-type: none">• Að barnið fái að njóta þess að taka þátt í skapandi ferli.• Að barnið kynnist nánasta umhverfi sínu.• Að efla fín- og grófhreyfingar.• Þroska næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda.• Að barnið kynnist hinum ýmsu hátíðum, venjum og hefðum í íslensku þjóðlífi.• Að barnið kynnist ólíkri menningu og siðum.	<ul style="list-style-type: none">• Samverur• Hópastarf• Vettvangsferðir• Þátttaka barnanna í undirbúningi ýmissa hátíða• Tökum þátt í ýmsum viðburðum samfélagsins

Daglegt líf í leikskóla

Leikur, vinna og nám eru hugtök sem fléttast saman á ýmsan hátt í leikskólastarfi. Börn á leikskólaaldri læra fyrst og fremst í gegnum leik og í daglegu starfi við eðlilegar og áþreifanlegar aðstæður. Þau þurfa að fá að njóta sín sem einstaklingar, en jafnframt að vinna saman, eignast vini og öðlast heilbrigða samkennd. Skipulag og búnaður leikskólans þarf að vera þannig úr garði gerður að hann vekir áhuga og forvitni barnanna, eflir sjálfstæði þeirra, frumkvæði, virkni og gleði.

Leikurinn

Fræðimenn eru sammála um að leikurinn sé helsta náms- og þroskaleið barnsins. Leikurinn er því kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Kennarar þekkja leik barna, þeir virða leikinn, hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja hvetjandi leikumhverfi. Upplifun barna glæðir leikinn lífi og innihaldi.

Upphaf og lok dags

Í Teigaseli er lagt upp úr því að taka vel á móti börnum og kveðja þau í lok dags þannig að börn og foreldrar finni að þau séu velkomin. Það skiptir miklu máli að fá hlýjar móttökur og skapa þannig örugg og jákvæð tengsl milli barns, foreldra og starfsfólks.

Fataherbergi

Í fataherbergi erum við með sjónrænt skipulag þar sem börnin sjá hvernig þau eiga að klæða sig hverju sinni. Með sjónrænu skipulagi verða börnin öruggari og læra að skipuleggja sig betur. Mikilvægt er að hvetja börnin að gera sem mest sjálf, þannig öðlast þau góða færni í sjálfshjálpar og þjálfar gróf- og fínhyringar. Áhersla er lögð á að gefa hverju og einu barni þann tíma sem það þarf, að börnin séu í hæfilega stórum hópum í fataherbergi og að kennarinn sé þeim til hjálpar og leiðbeiningar.

Í fataherberginu læra börnin einnig að sýna hjálpssemi, taka tillit til annarra og ganga snyrtilega frá fatnaði sínum.

Matartímar

Matartíminn á að vera notalegur tími þar sem öllum líður vel. Þar gefst tækifæri til skemmtilegra og fræðandi samræðna t.d. um borðsiði, hollustu og fleira.

Starfsmaður situr til borðs með börnunum, er þeim góð fyrirmynd og skapar festu og ró. Barnið lærir að borða með hnífapörum, skammta sér sjálft og æfir sig í að smakka á því sem boðið er upp á. Einnig er lögð áhersla á að börnin læri að ganga frá eftir matartíma með aðstoð kennara. Matseðill er settur inn á heimasíðu leikskólans og í fataherbergi deildarinnar.

Hreinlæti

Við leggjum áherslu á að börnin læri að verða sjálfbjarga með salernisferðir, þvo sér um hendur og læri almennar hreinlætisvenjur. Mikilvægt er að þekkja þarfir og þroska hvers barns og veita því aðstoð af nærgætni og hlýju.

Samverustundir

Á Miðteig eru tvær til þrjár samverur yfir daginn, þar sem börnunum er skipt í misstóra hópa. Í samverum tókum við fyrir lestur, söng, leiki, sögugerð og gátur og leikum okkur með hljóðfæri. Auk þess eflum við börnin í framkomu og sjálfsöryggi með því að bjóða þeim að tjá sig fyrir framan hópinn, segja sögur, brandara eða syngja.

Alstundir eru einu sinni í mánuði í salnum. Allar deildir hittast og eiga saman notalega stund með söng, dansi, leikjum og uppákomum. Sungið er fyrir afmælisbörn hvers mánaðar.

Umgengni

Góð umgengni og frágangur er mikilvægur þáttur í daglegu starfi í leikskólanum. Með því læra börnin að bera virðingu fyrir eigum sínum og annarra, hvort sem um er að ræða leikföng eða annan efnivið.

Útivera

Í útiveru komast börnin í snertingu við náttúruna og læra að meta sitt nánasta umhverfi. Útileiksvæði leikskólans býður upp á fjölbreytta möguleika til allskonar hreyfileikja. Vettvangsferðir eru einn þáttur útiverunnar, farið er í gönguferðir, skoðunarferðir og heimsóknir. Við leggjum áherslu á að börnin fari í útiveru að minnsta kosti einu sinni á dag.

Hreyfing

Hreyfing er börnum nauðsynleg og fá þau útrás fyrir hana í gegnum leiki og þrautir í sal og útiveru.

Annað starf á Miðteig

TMT

Tákn með tali byggir á náttúrulegri tjáningu og tilbúnum táknum. Táknin eru notuð sem stuðningur við talmál og ganga út á að táknuð eru lykilorð setninga. Tákn með tali er notað í daglegu starfi á Miðteig. Þrjú tákn eru lögð inn vikulega á öllum deildum leikskólans. Öll börn fá sitt eigið tákn þegar þau byrja í leikskólanum.

Lífsleikni

Í lífsleikni er notað námsefnið Stig af stigi og er það notað til þess að þjálfa og auka félags- og tilfinningaþroska barna. Námsefnið sem notað er í leikskólanum er fyrir 4 – 6 ára börn og skiptist í þrjú hluta :

- I Innlifun
- II Að leysa úr vanda
- III Sjálfstjórn

Gengið er út frá því að tilfinningagreind sé lærð og er því færni sem hægt er að kenna. Markmið með kennslunni Stig af stigi er m.a. að kenna börnum:

- ✓ Að lesa í tilfinningar sínar og annarra og vinna úr þeim
- ✓ Að leysa úr vanda og nota til þess félagslegan skilning
- ✓ Að kunna að umgangast reiði og draga úr æsingi

Stig af stigi býður upp á tækifæri til að ræða tilfinningar, æfa börn í að leysa úr vanda og kenna þeim aðferðir við að hafa stjórn á sjálfum sér og tilfinningum sínum.

Útikennsla

Nám og leikur í útiveru er ekki síður mikilvæg en það starf sem fram fer innanhúss. Í útiveru eflir barnið alhliða þroska og fær aukið úthald, styrk og þol. Á Miðteig leggjum við áherslu á að barnið njóti útiveru að minnsta kosti einu sinni á dag. Útileiksvæði leikskólans býður upp á fjölbreytta möguleika til allskonar hreyfileikja, bæði sjálfsprottinna og skipulagðra. Í útiveru komast börn í snertingu við náttúruna, þau skynja nánasta umhverfi sitt og læra að meta það. Vettvangsferðir eru einn þáttur útiverunnar. Farið er í gönguferðir, skoðunarferðir og heimsóknir.

Árvissir viðburðir

Árgangahittingur

Á hverju vori er haldinn árgangahittingur allra leikskólabarna á Akranesi. Elstu börnin á Miðteig fara í Garðasel og yngri í Akrasel. Við höfum gaman saman, leikum okkur og borðum saman hádegisverð.

Vökudagar

Börnin á Miðteig taka þátt í Vökudögum á Akranesi. Þau gera myndir sem eru settar upp í anddyri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

Hagnýtar upplýsingar

Forföll nemenda

Forráðamenn tilkynna forföll nemenda til leikskólans Teigasels í síma 433-1280 eða á netfangið: teigasel@teigasel.is. Jafnframt er hægt að hringja beint inn á deild barnsins eftir kl. 8:00. Símanúmerið inni á Miðteig 433-1286.

Innivera barns er á ábyrgð foreldra og kennarar leikskólans treysta foreldrum til að meta þörf barnsins fyrir inniveru.

Sérfæði í leikskólum

Í þeim tilfellum þegar barn þarf sérfæði vegna fæðuofnæmis, óþols eða sjúkdóma, ber foreldrum samkvæmt starfsreglum Akraneskaupstaðar að framvísa læknavottorði frá barna- eða ofnæmislækni til leikskólastjóra og skal það endurnýjað einu sinni á ári.

Lyfjagjafir í leikskólum

Samkvæmt starfsreglum Akraneskaupstaðar eru börnum ekki gefin lyf nema læknir meti að tímasetningar lyfjagjafir þurfi að koma inn á leikskólatíma barnsins.

Afmælis dagar nemenda

Afmælisdagurinn er stór dagur í lífi barnsins og í leikskólanum er ýmislegt gert til að gera daginn eftirminnilegan. Boðið er upp á að barnið komi með afmælis sögu að heiman sem inniheldur t.d. sögu af barninu sjálfu eða einhverju sem það vill segja frá. Kennari aðstoðar barnið við að draga íslenska fánann að húni. Barnið gerir kórónu og sérstök afmælis samvera er haldin þar sem kveikt er á kertum, lesin afmælis saga, afmælis söngurinn sunginn og barnið fær að velja sér óskalög. Afmælis barnið fær einnig þann heiður að vera aðstoðarmaður í hádegi. Í alstund sem er haldin síðasta föstudag í mánuði er sungið fyrir afmælis börn mánaðarins og býður leikskólinn upp á afmælis köku eftir hádegismatinn.

Ef barn vill bjóða heim í afmælisveislu má setja boðsmíða í hólfi barnanna ef verið er að bjóða öllum börnunum á deildinni, einnig ef öllum stelpunum eða öllum strákuunum er boðið.

Fataherbergi og fatnaður

Í fataherbergi er plastkassi undir aukaföt í hólfi hvers barns. Mikilvægt er að merkja allan fatnað barnsins og koma með skó- og útifatnað sem hentar íslensku veðri. Mikilvægt er að ganga frá hólfi barnsins í lok dags og setja skófatnað upp á rimlahillu. Óhrein föt þarf að taka heim og þvo. Á föstudögum þarf að tæma fatahólf barnsins, taka allan fatnað þess og skó svo hægt sé að þrifa hólfín.

Foreldrasamstarf

Samvinna sem byggir á gagnkvæmu trausti og jákvæðni er forsenda fyrir árangursríkri dvöl og góðri líðan barnsins í leikskólanum. Foreldrar eru hvattir til að taka þátt í því samstarfi sem er í boði hverju sinni. Ýmsar hefðir eru í skólasterfinu þar sem leitast er eftir því að bjóða foreldrum í heimsókn í leikskólann.

Foreldrasamstarf fer fram með daglegum samskiptum, tölvupósti og foreldraviðtölum sem eru tvisvar á ári, að hausti og svo aftur að vori. Einnig erum við með lokaðar fésbókarsíður fyrir hverja deild þar sem við setjum inn myndir og fréttir frá leik og starfi. Í fyrra viðtalinu er farið yfir aðlögun milli deilda og líðan barnsins, hvað gengur vel og hvað má betur fara. Að vori er farið yfir þroskamat sem starfsmenn deildarinnar hafa fyllt út. Foreldrar geta alltaf óskað eftir viðtali ef þörf þykir.